

AUGLÝSING

um deiliskipulag hafnarsvæðis Sandgerðisbæjar – Norðursvæði.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar samþykkti þann 20. febrúar 2008 deiliskipulag fyrir Norðursvæði. Deiliskipulagið nær til reits sem afmarkast af Strandgötu til austurs og norðurs að Vitatorgi, Norðurgarði og höfninni. Í vestur og suður afmarkast svæðið af Norðurgarði og Suðurgarði og fjörunni sunnan við Hafnargötuna. Deiliskipulagið felur m.a. í sér nýjar lóðir við Hafnargötu og sunnan fiskmarkaðar, skilgreiningu umferðarleiða milli íshúss, hafnar og fiskimarkaðar ásamt aðkomum að nýjum og núverandi lóðum, útfærslu gönguleiðar meðfram hafnarbakka, hafnartorgs sunnan Vitatorgs.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Sandgerði, 6. júní 2008.

Sigurður V. Ásbjarnarson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 24. júní 2008